

Fundargerð 13. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 5. mars kl. 17:00 var haldinn þrettánda fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna María Gunnarsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Ágústa Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, sat fundinn. Anna Guðjónsdóttir og Erla Heiðrún Benediktsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Erna ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Herdís Hallmarsdóttir: Schipperke
- Lilja Dóra Halldórsdóttir: Belgian shepherd (öll feldafbrigði).

Stjórn samþykkti réttindin og óskar þeim til hamingju.

Deildarsýningar

Umsókn Siberian husky deildar um deildarsýningu 8. júní var samþykkt.

Umsókn Schäferdeildar um tvöfalda deildarsýningu 18.-19. maí var samþykkt.

Umsókn Chihuahuadeildar um deildarsýningu var hafnað þar sem sýningastjórn hyggist nota umræddan dómara til að dæma tegundina á ágúst sýningu félagsins.

Fundur með formönnum Fuglahundadeildar, Deild enska setans og Vorsteh deildar

Fundað var með formönnum þriggja deilda. Fundurinn varðaði tillögur um breytingar á reglum sem snúa að prófum fyrir hunda í tegundahópi 7. Deildirnar lögðu fram tillögu að breytingum. Stjórn mun taka tillögurnar til umfjöllunar á næsta fundi sínum.

Fundur með aðilum í Boxerdeild og PMF deild

Fundað var með áhugasömum eigendum tegunda sem tilheyra Boxerdeild og PMF deild um mögulega sameiningu deildanna. Boxerdeild ákvað að lokum að ganga ekki inn í PMF deild.

Erindi spanieldeildar

Stjórn óskaði eftir umsögn sýningastjórnar varðandi beiðni Spanieldeildar um að fella niður vinnukröfur á enskan cocker spaniel og enskan springer spaniel. Stjórn HRFÍ er sammála álitni sýningastjórnar að fella kröfuna ekki niður að svo stöddu.

2. Breytingartillaga um dómarráðs reglur fyrir tegundahóp 7

Farið var yfir þær breytingatillögur sem bárust frá þremur deildum innan tegundahóps 7. Stjórn þykir ljóst að það þarf að fara í heildar endurskoðun á þeim reglum sem tengjast veiðiprófum fyrir hunda í tegundahópi 7 og þau vandamál sem upp hafa komið leysist ekki með smávægilegum breytingum. Þó nokkrir gallar eru á regluverkum sem tengjast veiðiprófum tegundahóps 7 sem þarf að laga bæði svo reglurnar séu skýrari og skarist ekki á.

3. Fundur með aðilum varðandi Smalahundafélag Íslands

Kristinn Hákonarson og Jens Þór Sigurðarson mættu til fundar með stjórn til að ræða starfsemi Smalahundafélags Íslands og aðkomu HRFÍ hunda í smalakeppnum. Þeir upplýstu stjórn um starf félagsins og uppbyggingu gagnagrunns þar. Þeir lýstu áhuga á að kanna möguleika á einhverju samstarfi, stjórn þarf að skoða þetta nánar áður en hægt er að svara um hvort hægt sé að fara í eitthvað samstarf eða ekki.

4. Marssýning HRFÍ

Farið var lauslega yfir sýninguna síðast liðnu helgi. Heilt yfir gekk sýningin vel og var virkilega ánægjulegt að sjá þann hóp sjálfboðaliða sem mættu að setja upp sýninguna á föstudag og taka hana niður á sunnudag, ásamt þeim sjálfboðaliðum sem unnu í hringjum sýningar alla helgina. Stjórn þakkar kærlega fyrir unnin sjálfboðaliðastörf.

Því miður bar töluvert meira á því þessa sýningu en áður að fólk var að mæta með hvolpa, undir 4 mánaða, sem voru ekki skráðir á sýninguna. Í sýningareglum er tekið skýrt fram að það er ekki heimilt. Að auki var töluvert um unga krakka bæði hlaupandi um í stúkunni sem og á gólfinu, en af því skapast mikil læti og slyshætta. Langflest þessara barna virtust eftirlitslaus. Ítreka þarf fyrir

næstu sýningu að hvolpar sem ekki eru skráðir á sýninguna eru ekki leyfðir á sýningasvæðinu og að börn séu undir eftirliti og á ábyrgð forráðamanna.

5. Ný réttindi sýningadómara

Erindi barst frá sýningadómaranefnd um staðfestingu á eftirfarandi dómara réttindum:

- Ásta María Guðbergsdóttir: Shetland sheepdog
- Daníel Örn Hinriksson: Boston terrier, Lhasa apso og Poodle
- Sóley Halla Möller: Flat-coated retriever

Stjórn samþykkir réttindin og óskar þeim til hamingju

6. Önnur mál

Erindi barst frá Fuglahundadeild HRFÍ um sjálfstæðan fjárhag. Stjórn samþykkir að deildin verði hédan í frá með sjálfstæðan fjárhag, líkt og flestar aðrar ræktunardeildir.

Svæðisfélag Suðurlands þarf að fá áminningu um að ekki sé leyfilegt að rukka félagsgjöld í svæðisfélagi.

Tekin var ákvörðun að hætta starfsemi Hundaskóla HRFÍ að svo stöddu. Stjórn hefur upplýst þjálfara skólans, Valgerði Júlíusdóttur, um ákvörðunina og þakkar stjórn henni fyrir sitt starf við skólann í gegnum árin.

Fundi slitið 19:10